

sinni. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að þér hafið veitt þessi verðlaun.

1865.
21. sept.

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um konungstíund af hjáleigunni Sandhúsum í Ísafjarðarsýslu.

21. sept.

Reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir sent oss með bréfi dagsettu 26. f. m. eptirrit af öðrum lið útásetninganna við reikningana fyrir konungstíundinni og hinum öðrum tekjum ríkissjóðsins af Ísafjarðarsýslu á fjárhagsárinu 1862—63, ásamt með svari þess, sem samið hefir reikningana, og athugasemdum yfirskoðara um það, og borið það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort presturinn á Söndum hafi þau umráð yfir jörðunni Sandhúsum, að hann megi nota hana sjálfur, svo að hún verði undanþegin konungstíund.

Um þetta skal reikningastjórnardeildinni til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að jörð þessi eigi að vera undanþegin tíund, ef að hún í raun og veru heyrir undir prestssetrið.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um tíund af jörðinni Mýrum í Ísafjarðarsýslu.

21. sept.

Með bréfi dags. 26. f. m. hefir reikningastjórnardeild konungsríkisins sent oss eptirrit af 3. lið útásetninganna við reikningana fyrir konungstíundinni og hinum öðrum tekjum ríkissjóðsins af Ísafjarðarsýslu á fjárhagsárinu 1862—63 ásamt svari þess, sem samið hefir reikningana, og athugasemdum yfirskoðara um það, og borið það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort eigandi jarðarinnar Mýra, sem getið er um í útásetningunni, eigi